

9. Söluskattur.
10. Bifreiðagjald.
11. Þungaskattur álagður 10. júní 1996 eða síðar.
12. Launaskattur.
13. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
14. Kröfur vegna ofgreiddra barnabóta erlendis.

8. gr.

Leiðrétting barnabóta.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta samkvæmt reglugerð þessari eða barnabætur hafi verið ákvarðaðar of háar skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Búðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 10. desember 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar 1980-2000, frá 17. ágúst 1981, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að svæði fyrir iðnað, sunnan Þjóðveggar til Reyðarfjarðar, verði stækkað til austurs og norðurs að Þjóðvegi. Þá verði það stækkað til suðurs með auknum fyllingum. Tenging svæðisins við Hafnargötu breytist þannig að gatnamótin eru færð um 140 m til austurs, þar sem þau eru í reynd í dag. Þá er ekki gert ráð fyrir gegnumakstri um athafnasvæði hafnarinnar ofan viðlegukants.

Hreppsnefnd Búðahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.